

KRISTÍN LOFTSDÓTTIR

## „Fimmtán prósent þjóðarinnar“

Frá Íslandi til Kanaríeyja

### Inngangur

Kristján hefur ferðast þrisvar sinnum til Gran Canaria í stutt frí með fjölskyldu sinni. Hann útskýrir að í hvert sinn hafi þau farið til Ensku strandarinnar á suðurhluta eyjunnar og hitt þar aldraða foreldra Kristjáns sem dvelja þar árlega í tvo mánuði. Til að leggja áherslu á þann mikla fjölda Íslendinga sem þar dvaldi tók Kristján fram að líklega hefði 1,5% af íslensku þjóðinni verið þar á sama tíma og hann var þar síðast árið 2019. Það ár ferðuðust tæplega 50 þúsund manns frá Íslandi til Kanaríeyja,<sup>1</sup> sem var mun hærra hlutfall eða næstum 15% landsmanna. Töluverð aukning hefur orðið á utanlandsferðum Íslendinga á síðastliðnum árum sem hefur haldist í hendur við vaxandi ferðamennsku í heiminum almennt.<sup>2</sup> Fræðafólk hefur þó bent á að heildarfjöldi fólks á hreyfingu á alþjóðavísu er ekki að aukast, þegar heildarfólksfjölgun er höfð í huga. Það sem hefur hins vegar breyst eru ástæður þess að fólk ferðast á milli staða, uppruni og aðstæður þeirra sem færa sig um set.<sup>3</sup> Fólki hefur fjölgað sem ferðast í afþreyingarskyni og ferðalög hafa orðið fjölbreyttari. Á síðastliðnum áratugum hafa fyrirbæri eins og það sem nefnt hefur verið fjöldaferðamennska einnig breyst, þar sem hún er ekki lengur eingöngu tengd við sólarlandastaði og pakkaferðir,

<sup>1</sup> Kristín Loftsdóttir, Auður Arna Arnarsdóttir, Már Wolfgang Mixa og Guðbjörg Guðjónsdóttir, „Sól og sandur. Ferðir Íslendinga til Kanaríeyja“, *Tímarit um viðskipti og efnahagsmál* 18:1/2021, bls. 45–66, hér bls. 52.

<sup>2</sup> World Travel and Tourism Council, *Travel & Tourism Economic Impact 2022. Global Trends*, ágúst 2022, sótt 13. september 2023 af <https://www.tourismknowledgecenter.com/publication/travel-tourism-economic-impact-2022>.

<sup>3</sup> Hein de Haas, Stephen Castles og Mark J. Miller, *The Age of Migration. International Population Movements in the Modern World*, New York: The Guilford Press, 6. útgáfa, 2020.



Ritúð  
1. tbl. 24. árg. 2024 (231-258)  
Ritrynd grein

© 2024 Ritúð, tímarit Hugvísindastofnunar og höfundar greinarinnar

Útgefandi:  
Hugvísindastofnun Háskóla Íslands,  
Sæmundargötu 2, 102 Reykjavík

Birtist á vefnum <http://www.ritid.hi.is>.  
Tengiliður: [ritid@hi.is](mailto:ritid@hi.is)

DOI: 10.33112/ritid.24.1.9  
Birt samkvæmt skilmálum  
Creative Commons BY (4.0).

heldur birtist á margvíslegan hátt með fjölbreyttari áfangastöðum og auðveldara aðgengi að ferðalögum fyrir fleiri.<sup>4</sup>

Þessi grein fjallar um Kanaríeyjar, sem sögulega séð hefur verið mikilvægur áfangastaður fjöldaferðamennsku. Spurt er, hvaða þættir veita eyjunum aðdráttarafl sem áfangastað, að mati fólks frá Íslandi, og hvernig upplifa Íslendingar sig í því þverþjóðlega samfélagi sem finna má á Kanaríeyjum? Fræðileg nálgun er undir áhrifum frá rannsóknum síðustu ára sem skoða hreyfanleika í víðu samhengi, ásamt því að leggja áherslu á vald sem þátt í hreyfanleika.<sup>5</sup> Félagfræðingurinn Zigmund Bauman<sup>6</sup> notar hugtakið „vökvi“ sem myndlíkingu fyrir nútímann, þar sem ófyrirsjáanleiki og hraði eru meginþætti samtengs heims. Vökvi, telur Bauman, að endurspegli erfiðleikana við að ná utan um mörg fyrirbæri samtímans, því þau taka stöðugum breytingum og eru stanslaust á hreyfingu. Myndlíking Baumans er meðal annars gagnleg til að kalla fram erfiðleika við að afmarka hugtakið ferðafólk (e. *tourists*), því mörkin á milli ferðafólks og íbúa eða launþega eru ekki alltaf skýr, sem og að ferðalög hafa tekið ýmsum breytingum í tímans rás. Ferðafólk verður oft seinna að íbúðareigendum eða íbúum á stöðum sem það ferðast til, og í mörgum tilfellum er erfitt að gera greinarmun á milli þeirra sem eru í vinnu og fríi. Fjarvinna hefur nýlega gert slík mörk enn óljósari. Því er mikilvægt að skoða ólíka hópa í samhengi hvern við annan, það er aðgreina ekki til dæmis lífstílsfarendur (e. *Lifestyle migrants*) eða ferðafólk algjörlega frá öðrum á hreyfingu eða þeim sem af einhverri ástæðu eru ekki á ferð milli staða.<sup>7</sup> Þeir sem eru farandverkamenn og setjast að í öðru landi koma einnig oft síðar sem ferðafólk til upprunalandis síns.<sup>8</sup> Jafnframt má benda á að farendur hafa ólíka stöðu efnahagslega og í alþjóðlegu samhengi sem mótár ferðir og dvöl þeirra.<sup>9</sup>

<sup>4</sup> Vilhelmiina Vainikka og Joni Vainikka, „Welcoming the Masses, Entitling the Stranger – Commentary to Gill“, *Fennia - International Journal of Geography* 196:1/2018, bls. 124–130.

<sup>5</sup> Nina Glick Schiller og Noel B. Salazar, „Regimes of Mobility Across the Globe“, *Journal of Ethnic and Migration Studies* 39:2/2013, bls. 183–200.

<sup>6</sup> Zygmunt Bauman, *Liquid Modernity*, Oxford: Wiley, 2013.

<sup>7</sup> Karen O'Reilly, „When Is a Tourist? The Articulation of Tourism and Migration in Spain's Costa Del Sol“, *Tourist Studies* 3:3/2003, bls. 301–317.

<sup>8</sup> Anna Wojtynska, „Becoming a tourist in a home country. Polish migrants visiting home“, *Mobility to the Edges of Europe. The Case of Iceland and Poland*, ritstjórar Dorota Rancew-Sikora og Unnur Dís Skaptadóttir, Wydawniczo Warsaw: Naukowe Scholar, 2016, bls. 66–83.

<sup>9</sup> Saara Koikkalainen, Aija Lulle, Russell King, Carmen Leon-Himmelstine og Aleksandra Szkudlarek, „Decision-Making and the Trajectories of Young Europeans in the London Region. The Planners, the Dreamers, and the Accidental Migrants“, *Comparative Migration Studies* 10:1/2022, bls. 10–26.

Kanarí sem áfangastaður hefur lengi verið talinn táknmynd fjöldaferðamennsku. Reynst hefur erfitt að greina megineinkenni fjöldaferðamennsku<sup>10</sup> og eins og Vainikka<sup>11</sup> bendir á er hugtakinu oft kastað fram án þess að merking þess sé skoðuð og þá iðulega sem andstæðu við eitthvað annað sem þó er heldur ekki skilgreint. Umræðan um fjöldaferðamennsku gerir ráð fyrir að fyrirbærið „pakkaferð“ sé í takt við fjöldaframleiðslu nútímans og einkennist rétt eins og önnur fjöldaframleiðsla af einsleitni. Innan slíkrar umræðu er almennt gert ráð fyrir að upplifun einstaklinga sé sú sama og að ástæður þess að fólk ferðist séu svipaðar.<sup>12</sup> Í þessari grein er litið á fjöldaferðamennsku sem fyrirbæri sem útskýrir sig ekki sjálf,<sup>13</sup> og að upplifun og markmið fólks sem sækir í algenga ferðamannastaði eða kaupir pakkaferðir geti verið margbreytileg. Þetta getur meðal annars verið vegna aðstæðna og sjálfsmýnda einstaklinga, sem samsama sig ef til vill við ólíka hópa sem og að hvatinn til ferðalaga er ekki endilega hinn sami. Ferðalög rétt eins og annað sem fólk tekur sér fyrir hendur móta einnig einstaklinga. Samhliða, og hér er tekið undir gagnrýni Vainikka<sup>14</sup> og fleiri á hugtakið fjöldaferðamennska, er þó lögð áhersla á að hugtakið geti verið gagnlegt til þess að kalla fram mikilvægi þess að færa sjónarhornið út fyrir upplifun einstaklinga en gagnrýnt hefur verið hvernig fræðileg umfjöllun um ferðamennsku getur verið um of upptekin af hegðun og upplifun ferðafólks og lítur ekki nægilega til formgerða og félagslegs og sögulegs umhverfis.<sup>15</sup> Ferðamennska hefur framleiðendur sem skilgreina meðal annars ákveðin svæði sem áfangastaði, skilgreinda markaði og „hráefni“ sem er unnið úr rétt eins og við vinnslu ákveðinnar vöru þegar áfangastaðir eru auglýstir, talsmenn sem tala fyrir ágæti hennar, ásamt því að hafa stórt umhverfisspor. Ferðamennska hefur þannig að gera með vald, að-

<sup>10</sup> Duncan Marson, „From Mass Tourism to Niche Tourism“, *Research Themes for Tourism*, ritstjórar Peter Robinson, Sine Heitmann, og Peter Dieke, 2011, 1. útgáfa, bls. 1–15.

<sup>11</sup> Vilhelmiina Vainikka, „Stereotypes and Professional Reflections on Mass Tourism. Focusing on Tour Operators, Mass Tourism Destinations and Mass Tourists“, *Études Caribéennes* 31–32/2015, bls. 31–32; Duncan Marson, „From Mass Tourism to Niche Tourism“.

<sup>12</sup> Vilhelmiina Vainikka, „Rethinking Mass Tourism“, *Tourist Studies* 13:3/2013, bls. 268–286, hér bls. 271.

<sup>13</sup> Vilhelmiina Vainikka, „Stereotypes and Professional Reflections on Mass Tourism“; Duncan Marson, „From Mass Tourism to Niche Tourism“.

<sup>14</sup> Vilhelmiina Vainikka, „Stereotypes and Professional Reflections on Mass Tourism“; Jim Bucher, „Constructing Mass Tourism“, *International Journal of Cultural Studies* 23:6/2020, bls. 898–915.

<sup>15</sup> Gregory Fayard, „Theorising the Politics of Tourism. Global Travel and the Nation-State“, *Millennium* 51:2/2023, bls. 379–639.

gengi og fjármagn,<sup>16</sup> sem og að ríkisvaldið stígur oft inn með ákveðnar áherslur í markaðssetningu í samvinnu við aðra hagsmunaaðila sem oft er veitt ákveðin fyrirgreiðsla.<sup>17</sup> Hugtök sem gjarnan eru notuð, eins og ferðaþjónusta (e. *hospitality industry*), fela og gera ósýnileg þessi einkenni ferðamennsku. Einnig er um að ræða valdatengsl milli ólíkra aðila sem tengjast ferðaþjónustu með mismunandi hætti innan ákveðinna samfélaga, eins og þeirra sem búa innan ákveðinna svæða eða landa, þar sem staða þeirra getur byggt á ólíkri valdastöðu.<sup>18</sup> Fyrirnefnd gagnrýni á hugtakið fjöldaferðmennska dregur þó einnig vel fram hversu mikil einföldun er að skoða ferðamennsku eingöngu út frá þröngu sjónarhorni sem lítur framhjá atbeini einstaklinga og ólíkri upplifun þeirra. Hér má leggja áherslu á, eins og kenningar um hreyfanleika hafa lengi gert, að hreyfanleiki fólks á milli staða felur alltaf í sér nýjar og jafnvel ófyrirsjáanlegar breytingar á áfangastaðnum,<sup>19</sup> og því getur sá hreyfanleiki sem ferðamennska felur í sér verið margþættur og mótað áfangastaðinn á fjölbreyttan hátt.<sup>20</sup> Ferðamennsku þarf að líta á sem einn hluta af hreyfanleika sem mótar heiminn en ekki eitthvað sem stendur fyrir utan hann.<sup>21</sup> Undirstrika má í anda mannfræðilegra sjónarhorna að áhersla á stærri efnahagslegt og pólitískt samhengi og áhrifaþætti felur ekki sjálfkrafa í sér að gert sé lítið úr upplifun einstaklinga eða getu og virkni þeirra að hafa áhrif á aðstæður sínar og umhverfi.<sup>22</sup>

Þessi grein beinir sjónum fyrst og fremst að röddum Íslendinga á eyjunum og dregur athygli að því að þrátt fyrir að markmið og skilningur margra viðmælanda á hlutverki eyjanna sem ferðamannastaðar virki svipaður á yfirborðinu, er fjölbreyttur hópur sem sækir eyjarnar heim og undirliggjandi ástæður geta verið

<sup>16</sup> Christine Roberts, „Sport and Adventure Tourism“, *Research Themes for Tourism*, ritstjórar Peter Robinson, Sine Heitmann og Peter Dieke, 2011, 1. útgáfa, bls. 146–159, hér bls. 153.

<sup>17</sup> Gregory Fayard, „Theorizing the Politics of Tourism“.

<sup>18</sup> Rafiq Ahmad, „Tourism and Struggles for Domination. Local Tourism Communities and Symbolic Violence in Kashmir“, *Tourist Studies* 22:1/2022, bls. 61–88.

<sup>19</sup> Um slíkar breytingar má sjá Mary Louise Pratt, *Imperial Eyes. Travel Writing and Transculturation*, Routledge, 2007.

<sup>20</sup> Nina Glick Schiller og Noel B. Salazar, „Regimes of Mobility Across the Globe“.

<sup>21</sup> Gunnar Thór Jóhannesson, „Sailing the Seas of Tourism. Past, Present and Future Mobilities on the Margins“, *Mobilities on the Margins, Arctic Encounters*, ritstjórar Björn Thorsteinsson, Katrín Anna Lund, Gunnar Thór Jóhannesson og Guðbjörg R. Jóhannesdóttir, Cham: Palgrave Macmillan, 2024, bls. 81–97.

<sup>22</sup> Til dæmis Eric R. Wolf, *Envisioning Power. Ideologies of Dominance and Crisis*, Berkely: University of California Press, 1999, bls. 3–8; Akhil Gupta og James Ferguson, „Beyond ‘Culture’. Space, Identity, and the Politics of Difference“, *Cultural Anthropology* 7:1/1992, bls. 6–23.

flóknari en virðist við fyrstu sýn. Í ljósi umræðunnar að ofan má minna á að raddir Íslendinganna eru þó hluti af ferðamennsku sem hnattræns fyrirbæris sem mótar, eins og annars staðar, eyjarnar og líf fólks sem þar býr á margbreytilega máta. Hún minnir á að stefnumótun sem tengist ferðaþjónustu hefur margþætt áhrif, meðal annars á lífríki og umhverfi, hagvöxt, innviði, húsnæðismál og almenn lífs-gæði, bæði þeirra sem búa á svæðunum og þeirra sem sækja ákveðin svæði heim.<sup>23</sup>

Greiningin fyrir þessa umræðu byggir á viðtölum sem tekin voru á Íslandi og á Kanaríeyjum við fólk sem ferðast frá Íslandi til Kanaríeyja. Tekin voru viðtöl við einstaklinga sem eiga þar búsetu og þá sem sækja eyjarnar heim í stuttan tíma sem ferðafólk. Unnið var úr viðtölum við 58 einstaklinga, sem valdir voru með snjóboltaúrtaki, tilviljunarúrtaki og leit í gegnum Facebook, 37 sem skilgreindu sig sem konu og 21 sem karl. Viðmælendum má gróflega skipta í 30 einstaklinga sem flokka má sem ferðafólk og 28 sem höfðu búsetu að mestu á eyjunum. Í sumum tilfellum hafði búsetan varað í skamman tíma og/eða henni var lokið. Langflest viðtölin tengdust ferðum til tveggja stærstu eyjanna, Gran Canaria og Tenerife, en margir viðmælendur höfðu þó einnig ferðast eða dvalið á öðrum eyjum. Eingöngu voru tekin viðtöl við íbúa á þessum tveimur eyjum. Samhliða formlegum viðtölum byggir rannsóknin á fjölda óformlegra viðtala og samtölum við fólk á ferð um þessar eyjar sem og á Íslandi. Flest formlegu viðtölin voru tekin á tímabilinu 2019–2022 á Íslandi og Kanaríeyjum. Nokkur viðtöl voru einnig tekin árið 2023 og í einhverjum tilfellum var fleiri en eitt viðtal tekið við sömu aðila.

Greinin hefst á umfjöllun um Kanaríeyjar sem ferðamannastað en síðan hvað viðmælendur rannsóknarinnar sækjast eftir þegar þeir fara til eyjanna og að lokum verður gerð grein fyrir hvernig viðmælendur upplifa þverþjóðlegt umhverfi eyjanna.

## 1. Upphaf ferða og umfang

Kanaríeyjar sem áfangastaður fjöldaferðamennsku hefur haft afgerandi áhrif á líf fólks sem býr á eyjunum en líka ásýnd eyjanna og náttúru.<sup>24</sup> Árið 2019 komu til dæmis yfir 15 milljónir ferðafólks til Kanaríeyja, þar af rúmlega 4 milljónir

<sup>23</sup> Matilde Córdoba Azcárate, *Stuck with Tourism. Space, Power, and Labor in Contemporary Yucatán*, Oakland, California: University of California Press, 2020.

<sup>24</sup> Eva Pérez-Hernández, Aarón M. Santana-Cordero, Luis Hernández-Calvento og María L. Monteiro-Quintana, „Beach Surface Lost Historically. The Case of the Eastern Coast of Las Palmas de Gran Canaria (Canary Islands, Spain)“, *Ocean & Coastal Management* 185/2020, bls. 1–16; Carolina Peña-Alonso, Emma Pérez-Chacón, Luis Hernández-Calvento og Eduard Ariza, „Assessment of Scenic, Natural and Cultural Heritage for Sustainable Management of Tourist Beaches. A Case Study of Gran Canaria Island (Spain)“, *Land Use Policy* 72/2018, bls. 35–45.

til Gran Canaria og 5,7 til Tenerife.<sup>25</sup> Íbúafjöldi er rúmlega 800 þúsund manns á hvorri eyju. Það væri einföldun að líta svo á að fyrir tíma fjöldaferðamennsku hafi eyjarnar verið einangraðar eða í einhvers konar upprunalegu ástandi, því frá aldamótunum 1400 er saga eyjanna samofin hernámi Ameríku sem margir marka við komu Kristófers Kólumbusar til eyjunnar Hispaniola. Eyjarnar voru upp frá því í miklum tengslum við meginland Evrópu og heimsálfuna hinum megin við hafið.

Kanaríeyjar byggðust upp sem áfangastaður fjöldaferðamennsku á sjöunda áratug tuttugustu aldar, en eiga sér mun lengri sögu sem áfangastaður efnadri Evrópubúa.<sup>26</sup> Kerfisbundin áhersla á eyjarnar sem áfangastað fjöldaferðamennsku var hluti af aukinni áherslu spænskra stjórnvalda á ferðamennsku sem leið út úr efnahagslegum ógöngum eftir borgarastyrjöld í landinu. Fyrsta þróunaráætlun ferðamennsku á Spáni á árunum 1963–1967 lagði fyrst og fremst áherslu á að auka fjölda ferðafólks án tillits til félagslegs- og umhverfislegs kostnaðar.<sup>27</sup>

Sérstaða eyjanna sem áfangastaðar innan Evrópu tengist því að veðurfar er milt allan ársins hring, sem gefur þeim ákveðið forskot samanborið við aðra áfangastaði Suður-Evrópu eins og meginland Spánar og Ítalíu.<sup>28</sup> Áhugi á Kanaríeyjum sem áfangastað ferðafólks frá Norður-Evrópu kemur aðallega til vegna veðurfars en einnig vegna þægilegs aðgengis að strönd og sjó.<sup>29</sup> Á hvoru tveggja, Tenerife og Gran Canaria, hefur strandlengjunni á suðurhluta eyjanna verið breytt í rými ferðamennsku, þar sem uppbygging á strandsvæðum hefur fyrst og fremst miðað að því að þjónusta ferðafólk. Það svæði samanstóð meðal annars að stórum hluta af rektunarlandi en einnig af viðkvæmu náttúrulegu umhverfi.<sup>30</sup> Sumir líta á Kanaríeyjar sem leiðandi í fjöldaferðamennsku á alþjóðavísu

<sup>25</sup> Sjá tölur yfir fjölda ferðafólks hér: Turismo de Islas Canarias, Tourist arrivals, Historical data: 2010–2021, sótt 10. febrúar 2024 af [https://turismodeislascanarias.com/sites/default/files/promotur\\_serie\\_frontur\\_1997-2021\\_en.pdf](https://turismodeislascanarias.com/sites/default/files/promotur_serie_frontur_1997-2021_en.pdf).

<sup>26</sup> Jørgen Carling, Marta Bivand Erdal og Cathrine Talleraas, „Living in Two Countries. Transnational Living as an Alternative to Migration“, *Population, Space and Place* 27:5/2021, bls. e2471.

<sup>27</sup> Fernando Almeida García, „Tourism Policy and Territorial Imbalances in Spain“, *Bulletin of Geography. Socio-Economic Series* 22:22/2013, bls. 7–19.

<sup>28</sup> Nidia Hernández Sánchez og Jeroen Oskam, „A ‘New Tourism Cycle’ on the Canary Islands. Scenarios for Digital Transformation and Resilience of Small and Medium Tourism Enterprises“, *Journal of Tourism Futures* 5. október 2022, bls. 1–17.

<sup>29</sup> Ana Ispas og Andjelija Andreea Saragea, „Evaluating the Image of Tourism Destinations. The Case of the Autonomous Community of the Canary Islands“, *Revista de Turism. Studii si Cercetari in Turism* 12/2011, bls. 6–12, hér bls. 11.

<sup>30</sup> Sjá til dæmis Raoul V. Bianchi, „Tourism restructuring and the politics of sustainability. A critical view from the European periphery (The Canary Islands)“, *Journal of Sustainable*



Mynd 1. Verslanir á Amerísku ströndinni á Tenerife. Mynd tekin árið 2022.

vegna áralangrar áherslu á lág flugfargjöld, strendur og sól í markaðssetningu. Upp úr aldamótunum 2000 hefur þó verið ríkari áhersla á fjölbreyttari afþreyingu og að sem áfangastaður hafi Kanaríeyjar upp á margt fleira að bjóða heldur en eingöngu sólarstrendur.<sup>31</sup> Svipaða áherslu má sjá hvað varðar Spán almennt en á síðustu áratugum hefur ríkisvaldið gefið ólíkum sjálfstjórnarhéruðum aukið vald yfir stefnumótun hvað varðar ferðþjónustu.<sup>32</sup> Á Kanaríeyjum þótti seinasti áratugur tuttugustu aldar einkennast af fullhráðri uppbyggingu ferðþjónustu, sem og áhyggjum heimamanna af sjálfbærni og áhrifum á umhverfi eyjanna. Því var reynt að hamla vöxt inn á ný svæði að einhverju marki,<sup>33</sup> þrátt fyrir að erfitt geti verið að ákvarða hvað sé of mikið og fyrir hverja.<sup>34</sup>

---

*Tourism* 12:6/2004, bls. 495–529; Nicolás Ferrer-Valero, Luis Hernández-Calvento og Antonio I. Hernández-Cordero, „Human impacts quantification on the coastal landforms of Gran Canaria Island (Canary Islands)“, *Geomorphology* 286/2017, bls. 58–67.

<sup>31</sup> Pascal Scherrer, Abel Alonso og Lynnaire Sheridan, „Expanding the destination image. Wine tourism in the Canary Islands“, *International journal of tourism research* 11:5/2009, bls. 451–463, hér bls. 456.

<sup>32</sup> Fernando Almeida García, „Tourism Policy and Territorial Imbalances in Spain“.

<sup>33</sup> Yolanda Santana-Jiménez og Juan M. Hernández, „Estimating the Effect of Overcrowding on Tourist Attraction. The Case of Canary Islands“, *Tourism Management* 32:2/2011, bls. 415–425, hér bls. 417.

<sup>34</sup> Moisés Simancas Cruz og María Pilar Peñarrubia Zaragoza, „Analysis of the

Eins og fyrr var komið inn á má vara við því að draga of skörp skil á milli fjöldaferðamennsku og annarra tegunda ferðamennsku. Marson<sup>35</sup> bendir til dæmis á að oft er erfitt að segja hvenær fjöldaferðamennska endar og sérhæfð (e. *niche*) ferðamennska byrjar vegna þess að sú síðarnefnda byggir á formgerðum sem fjöldaferðamennska hefur skapað. Gagnrýnin nálgun á fjöldaferðamennsku dregur athygli að mikilvægi þess að skoða hana sem ákveðið þekkingarfræðilegt fyrirbæri, sem og hvernig afmörkun staða sem áfangastaða fjöldaferðamennsku í almennu tali verður hluti af því að ramma þá inn sem áfangastaði.

Ferðir til Spánar frá Íslandi eru samofnar sögu fjöldaferðamennsku út fyrir landsteinana. Seint á sjötta áratugnum voru farnar fyrstu ferðirnar til Kanarí, líkt og á öðrum Norðurlöndum.<sup>36</sup> Áhugi á ferðalögum til Kanaríeyja hefur ekki minnkað á Íslandi og í raun aukist síðasta áratuginn ef tíðnin er borin saman við ferðir til annarra áfangastaða. Fjöldi ferða tók dýfu eftir efnahagshrunið 2008 en tók svo stökk upp á við árið 2015. Árið 2019 ferðuðust tæplega 50 þúsund farþegar frá Íslandi til Kanaríeyja eins og fyrr var minnst á. Hér þarf þó að hafa í huga að tölur um ferðir Íslendinga, sem Hagstofa Kanaríeyja og Ferðamálastofa Íslands safna, ná utan um fjölda ferða en ekki fjölda einstaklinga. Tölurnar sýna þó greinilega hlutfallslega mun fleiri ferðir til Tenerife en til Gran Canaria. Næstum fjórfalt fleiri flugsæti voru til dæmis seld til Tenerife en til Gran Canaria árið 2018.<sup>37</sup> Niðurstöður spurningakönnunar sem samin var fyrir verkefnið sem þessi grein er hluti af og Félagsvísindastofnun lagði fyrir árið 2022<sup>38</sup> sýndu að rúm 44% svarenda höfðu komið til Kanaríeyja á síðastliðnum 10 árum. Af þeim sem svörðuðu spurningunni neitandi merktu rúm 40% að þá langaði að ferðast til eyjanna. Þegar spurt var hversu oft fólk færi að jafnaði voru 10% sem fóru einu sinni á ári eða oftar og rúm 13% sem fóru um það bil annað hvert ár. Um fjórðungur, eða 24% merktu við að fara á um það bil þriggja til fimm ára fresti og 51% sjaldnar. Þessar upplýsingar benda til mikils áhuga á ferða-

---

Accommodation Density in Coastal Tourism Areas of Insular Destinations from the Perspective of Overtourism“, *Sustainability* 11:11/2019, bls. 1–19.

<sup>35</sup> Duncan Marson, „From Mass Tourism to Niche Tourism“. Sjá einnig Jim Butcher, „Constructing Mass Tourism“.

<sup>36</sup> Kristín Loftsdóttir og fleiri, „Sól og sandur“; Erla Erlendsdóttir og Karl Jóhannsson, „Undir suðrænni sól. Spánarferðir Íslendinga“, *Á fjarlægum ströndum. Tengsl Spánar og Íslands í tímans rás*, ritstjórar Erla Erlendsdóttir og Kristín Guðrún Jónsdóttir, Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2020, bls. 157–181.

<sup>37</sup> Sjá umræðu í Kristín Loftsdóttir og fleiri, „Sól og sandur“.

<sup>38</sup> Um er að ræða netpanel Félagsvísindastofnunar. Alls svörðu 831 könnuninni en netpanellinn samanstendur af fólki sem er 18 og eldri. Tilviljunarúrtak úr þjóðskrá er notað.





Mynd 2. Strandarlífð á Tenerife. Mynd tekin árið 2023.

lögum til Kanaríeyja og að ferðalög þangað séu búin að festa sig í sessi í lífi margra. Heimsfaraldur vegna Covid-19 hefur ekki haft áhrif á áhuga á ferðalög til Kanaríeyja.<sup>39</sup>

<sup>39</sup> ISTAC (*Instituto Canario de Estadística*), Entrada de pasajeros en los aeropuertos de las islas de Canarias según servicios y aeropuertos de escala, Canarias por periodos de referencia, sótt 5. janúar 2024 af [www.gobiernodecanarias.org](http://www.gobiernodecanarias.org).

Viðtöl við Íslendinga sem ferðast til þessara eyja endurspeгла hversu erfitt og kannski ómögulegt er að afmarka í aðskilda hópa þá sem fara og dvelja á eyjunum. Í fyrsta lagi, eins og myndlíking Bauman beinir sjónum að, eru þessir hópar flæðandi, þar sem sumir eru ferðamenn og verða síðar íbúar á eyjunum og jafnvel svo aftur ferðamenn. Enn aðrir dvelja á eyjunum hluta úr ári og þá sumir reglulega í einn eða tvo mánuði en aðrir í sex eða átta mánuði og ýmsar útgáfur þar á milli. Enn aðrir búa á eyjunum að mestu allt árið um kring og hafa gert í lengri eða skemmri tíma, en eru ekki endilega skráðir með búsetu á eyjunum og búa í nálægð við ferðafólk.

Eins og fyrr er sagt hafa nákvæmar flokkanir á farendum einnig reynst erfiðar varðandi íbúa Norðurlanda og Norður-Evrópu rétt eins og hvað varðar Íslendinga. Jenni Spännäri<sup>40</sup> notar hugtakið þverþjóðlegir farendur (e. *transmigrant*) yfir fólk frá Finnlandi sem eyða þremur til átta vetrarmánuðum ársins annars staðar. Aðrir hafa til dæmis talað um árstíðabundna gesti (e. *seasonal visitors*),<sup>41</sup> en rétt eins og með þverþjóðlega farendur getur lengd búsetu verið mjög mismunandi. Hugtakið lífstílsfarendur er einnig oft notað því það nær ágætlega utan um ferðir margra Norður-Evrópubúa til Suður-Evrópu þar sem fólk getur notið að einhverju marki betri lífsgæða.<sup>42</sup> Rétt eins og hvað varðar marga Íslendinga, sækja margir Norðurlandabúar sem búa hluta af árinu á Spáni ekki um dvalarleyfi og teljast því ekki sem íbúar í opinberum tölum.<sup>43</sup> Að auki eru mörkin milli þeirra sem eru ferðafólk og farendur ekki alveg skýr þar sem sumir búa í mörg ár á svæðum sem eru hugsuð fyrir ferðamenn og umgangast að mestu leyti þá sem eru ferðamenn, án þess að ætla sér í raun að setjast að.<sup>44</sup> Ferðir Íslendinga til eyjanna fylgja þannig munstri sem er vel þekkt í ferðalögum fólks frá öðrum Norður-Evrópulöndum til eyjanna.

Að sama skapi er einnig erfitt að meta fjölda Íslendinga sem vinna á Spáni.

<sup>40</sup> Jenni Spännäri, „Religious Life in a Finnish Retirement Migrant Community. Diasporic and Transnational Perspectives“, *Nordic Seniors on the Move. Mobility and Migration in Later Life*, ritstjórar Gabriella Nilsson og Anne Leonora Blaaikilde, Department of Arts and Cultural Sciences, Lund University, 2013, bls. 101–126, hér bls. 103.

<sup>41</sup> Olga Hannonen, „Second Home Owners As Tourism Trend-Setters. A Case Of Residential Tourists In Gran Canaria“, *Journal of Tourism, Sustainability and Well-being* 6:4/2018, bls. 345–359, hér bls. 347.

<sup>42</sup> Michaela Benson og Karen O'Reilly, „From Lifestyle Migration to Lifestyle in Migration. Categories, Concepts and Ways of Thinking“, *Migration Studies* 4:1/2016, bls. 20–37.

<sup>43</sup> Per Gustafson, „Tourism and Seasonal Retirement Migration“, *Annals of Tourism Research* 29:4/2002, bls. 899–918; Bente Haug, Graham M.S. Dann og Mehmet Mehmetoglu, „Little Norway in Spain“, *Annals of Tourism Research* 34:1/2007, bls. 202–222.

<sup>44</sup> Karen O'Reilly, „When Is a Tourist?“



Mynd 3: Margir auglýsa þjónustu á spjallsíðum á samfélagsmiðlum en einnig má sjá færslur þar sem fólk biður um ráð verðandi ýmis málefni. Skjáskot frá einni slíkri síðu frá árinu 2022.

Rannsóknir annars staðar frá sýna að sumir hafa atvinnu á Spáni og fá jafnframt tekjur heiman frá, eða tekjur að öllu leyti heiman frá, eða þá að einstaklingar vinna í óformlega hagkerfinu og teljast því ekki með í opinberum tölum. Allt þetta gerir erfitt fyrir að meta heildaratvinnuþátttöku.<sup>45</sup> Fólk frá Íslandi stundar alls konar atvinnurekstur í tengslum við dvöl og ferðir til eyjanna. Atvinnurekstur Íslendinga getur spannað allt frá því að eiga og reka fyrirtæki á eyjunum yfir í margs konar óformlega atvinnustarfsemi eins og að geyma ferðatöskur fyrir fólk sem er á eyjunum, skutla fólk upp á flugvöll og leigja út ungbarnavörur yfir netið. Tölverður fjöldi veitingastaða eru eða hafa verið í eigu Íslendinga, en einnig önnur fyrirtæki, svo sem nuddstofa og hótél. Sá hópur Íslendinga sem er í vinnu á eyjunum er þannig í sumum tilfellum í fastri launaðri vinnu á eyjunum; vinnur innan óformlega hagkerfisins, eða hefur tekjur frá Íslandi, meðal annars vegna fjarvinnu. Samfélagsmiðlasíður sem hafa að markhópi einstaklinga sem hafa áhuga á því að ferðast til eða búa á Kanaríeyjum draga vel fram frjóssemi og hugmyndaauðgi í atvinnustarfsemi, en þær auglýsa fjölbreytta þjónustu til Íslendinga sem sækja eyjarnar heim. Viðmælendur endurspegluðu vel þennan fjölbreytileika þar sem fólk vann meðal annars í fjarvinnu, fyrir spænsk og íslensk fyrirtæki, var með sjálfstæðan opinberan atvinnurekstur eða aflaði sér tekna innan óformlega kerfisins.

Mörg fyrirtæki sem finna má á Kanaríeyjum í eigu Íslendinga hafa Íslendinga sem mikilvægan markhóp eða stíla næstum eingöngu inn á þá sem koma frá Íslandi. Þegar gengið er um helstu ferðamannasvæðin má iðulega sjá fyrirtæki

<sup>45</sup> Edgard R. Rodriguez og Erwin R. Tiongson, „Temporary Migration Overseas and Household Labor Supply. Evidence from Urban Philippines“, *International Migration Review* 35:3/2001, bls. 709–725; Scott A. Cohen, Tara Duncan og Maria Thulemark, „Lifestyle Mobilities. The Crossroads of Travel, Leisure and Migration“, *Mobilities* 10:1/2015, bls. 155–172.

í eigu Íslendinga merkt með íslenskum fána, þó önnur fyrirtæki sem eru í eigu fólks sem hefur ekki íslenskan bakgrunn hafi einnig gert slíkt hið sama. Væntanlega er það til að vekja athygli á því að á stöðunum hittist hópar Íslendinga reglulega. Jafnframt hefur aukist mikið að fólk kaupir sér fasteignir erlendis – sumir leigja þær út og fá tekjur af – en inn í þessa fjölgun spilar augljóslega aukin tíðni flugferða til Kanaríeyja. Það er jafnframt auðveldara vegna margvíslegra alþjóðlegra samninga og aukinna hnattvæðingaferla að kaupa og eiga fasteignir erlendis,<sup>46</sup> til dæmis vegna samtengdara fjármagnskerfis, aukinna samgangna, afnáms vegabréfsáritana og svo framvegis.

## 2. *Hvaða fólk er þetta?*

Á suðurhluta Gran Canaria og Tenerife er landslagið og mannlífið að mörgu leyti ólíkt því sem finna má annars staðar á þessum tveimur eyjum. Það ein-kennist af miklum fjölda hótela, veitingastaða sem margir hverjir eru sérsniðnir að ákveðnum matarsmekk, sem og annarri þjónustu af ýmsu tagi sem beinist sérstaklega að ferðafólki. Þessi þróun gerðist ekki af sjálfu sér á þessum eyjum, eins og fyrr var komið inn á, heldur er afleiðing stefnu stjórnvalda á fyrri áratugum hvað varðar ferðaþjónustu. Það eru ekki eingöngu innviðir sem endurspeglar að þessi hluti eyjanna miðar að ferðafólki. Hluti af fatnaði sem er stillt út á gangstéttir til sölu og er sýnilegur fyrir hvern þann sem gengur um svæðið er sérstaklega sniðinn að lífi á strönd, og klæðaburður er ólíkur á öðrum stöðum eyjanna. Í takt við umræðu Obrador Pons<sup>47</sup> má benda á að rými sem tengjast ferðamennsku eru mótuð af ólíkum gerendum, bæði á ferðamannasvæðunum og utan þeirra. Þessi mótun suðurhluta eyjanna dregur athygli að því hvernig „fjöldinn“ í fjöldaferðamennsku – þrátt fyrir að vissulega sé erfitt að ákvarða tölulega hversu mikill fjöldinn þarf að vera – skiptir máli í samspili við aðra þætti og gefur áfangastöðum sérkenni. Að tala um Kanaríeyjar sem áfangastað fjöldaferðamennsku gefur þannig ekki nauðsynlega til kynna fjöldaframleiðslu á upplifuninni sjálfri, eins og nálganir um fjöldaframleiðslu gera oft ráð fyrir,<sup>48</sup> heldur má einnig líta svo á að þær kalli fram þær breytingar sem hafa átt sér stað á rýminu sjálfu. Þá bæði út frá vistfræði og vegna þess að það fer að miðast fyrst og fremst við þarfir ferðafólks, sem kemur frá ákveðnum heimshlutum, í þessu tilfalli Norður-Evrópu. Innviðir ákveðinna svæða eyjanna miða þannig að því að þjónusta og koma til móts við þarfir ákveðinna hópa – ferðafólks og lífstílsfar-

<sup>46</sup> Olga Hannonen, „Second Home Owners As Tourism Trend-Setters“, bls. 349.

<sup>47</sup> Pau Obrador Pons, „Being-on-Holiday. Tourist Dwelling, Bodies and Place“, *Tourist Studies* 3:1/2003, bls. 47–66.

<sup>48</sup> Vilhelmiina Vainikka, „Rethinking Mass Tourism“.

enda – frekar en þeirra sem hafa fasta búsetu á eyjunum. Partur af því að móta áfangastaði í vöru sem hægt er að selja á markaði er að skapa fyrirsjáanleika fyrir neytendur hennar, sem og tengja saman væntingar og framboð.<sup>49</sup> Einnig má benda á að búseta á eyjunum er mótuð af þjóðerni, þar sem heimamenn eru á ákveðnum hluta eyjanna og ákveðnir bæir og bæjarhlutar hafa mishátt hlutfall fólks af ákveðnum þjóðernum.<sup>50</sup>

Einn viðmælandi minn, Valdís, dvaldi á Tenerife í eina viku með stórfjölskyldu sinni. Hún vísar sérstaklega til þeirrar einsleitni sem henni finnst ein-kenna suðurhluta eyjunnar:

Þetta er rosalega tilbúinn heimur og það er ofboðslega lítið svona *authentic* við þennan heim og mér fannst þú veist ... ég myndi segja til dæmis fyrir fólk sem er haldið einhverjum svona, finnst óþægilegt að fara til útlanda, þá myndi ég segja *absolute* fullkominn staður.

Í takt við fyrrnefndar áherslur Vainikka,<sup>51</sup> má benda á að þótt svæðið virki ein-sleitt er upplifun fólks af þessum stöðum ekki sú sama og einnig getur fólk sóst eftir alls konar annars konar upplifun sem er utan svæðanna eða ekki vel sýnileg. Eins og komið verður inn á síðar tengist upplifun á svæðinu sjálfsverustöðu einstaklinga. Ferðaskrifstofur og sjálfstæð fyrirtæki bjóða upp á margs konar ferðir þar sem kynnst má betur öðrum landshlutum eyjanna, eða þá að fólk bætir við strand- og sólarferð sína með því að leigja sér bílaleigubíl og ferðast hluta af tímanum á eigin vegum.

Spurningakönnun í netpanel Félagsvindakstofnunar árið 2019 sýndi að fyrir langflesta svarendur var gott veðurfar helsta ástæða þess að fólk ferðaðist til eyjanna.<sup>52</sup> Áhersluna á milt veður mátti sjá vel í svörum viðmælenda þessarar rannsóknar, sem voru oft tengd áherslu á afslöppun og notalegheit. Nína er ellilífeyrisþegi, sem hefur ferðast mikið en hefur síðustu tíu árin farið árlega til Kanaríeyja í tvo mánuði (febrúar og mars), þó stundum hafi ferðirnar verið styttri. Hún segir meginástæðuna vera að meðalhitinn er sá sami allt árið en það gefi henni og manni hennar „færi á að hreyfa okkur, labba, við löbbum svona 10

<sup>49</sup> Stephen Britton, „Tourism, Capital, and Place. Towards a Critical Geography of Tourism“, *Environment and Planning D: Society and Space* 9:4/1991, bls. 451–478.

<sup>50</sup> Josefina Domínguez-Mujica, Jesús González-Pérez og Juan Parreño-Castellano, „Tourism and Human Mobility in Spanish Archipelagos“, *Annals of Tourism Research* 38:2/2011, bls. 586–606.

<sup>51</sup> Sama rit.

<sup>52</sup> Kristín Loftsdóttir og fleiri, „Sól og sandur“, bls. 60.

km á dag sirka að meðaltali og það er eiginlega loftslagið sem veldur því að við veljum þennan stað.“

Marta, annar viðmælandi, vísar til þeirrar áherslu á einfaldleika sem margir Íslendingar sækjast eftir þegar hún segir:

Ekki alltof langt flug og ekki, þú veist, of flókið og bara að komast í sólina á fjórum tímum, sem að var, það var eiginlega aðalmálið, að vera saman þar.

Orð Mörtu, að „vera saman,“ endurspeglar aðra mikilvæga ástæðu, sem er samvera stærri hóps. Töluverður fjöldi viðmælenda höfðu farið til Kanaríeyja í tengslum við afmæli, með vinahóp eða stórfjölskyldu. Garðar segir í viðtali að hann og kona hans hafi oft haldið upp á jólin á Gran Canaria, með uppkomnum börnum og mökum þeirra. Valdís, sem er á fimmtugsaldri, fór einu sinni til Tenerife í viku vegna þess að stórfjölskylduna langaði að fara út saman. Hún segir: „Okkur langaði til þess að reyna að sameina þennan hóp, þetta er svolítið svona ólíkur hópur með ólíkar áherslur í fríum.“ Hún bæti við að aldraðir foreldrar mannsins hennar hafi þá þegar dvalist á Tenerife í lengri tíma, sem hafi gert þennan áfangastað enn ákjósanlegri. Hér má geta sér til að innviðir á suðurhluta Tenerife með ríka áherslu á afþreyingu fyrir ferðafólk á ólíkum aldri, úrval veitingastaða á litlu svæði sem auðvelt er að nálgast og fjölbreytt gistirými í ólíkum verðflokkum – hluti af því sem gerir það að rými fjöldaferðamennsku – skapar einmitt þennan vettvang til að ná saman ólíkum kynslóðum. Slík nánd kallar þannig á annars konar samskipti kynslóða, vina og stórfjölskyldu úr mismunandi áttum en væru kannski möguleg heima fyrir.

Þessi áhersla á einfaldleika og samveru ólíkra hópa átti einnig við um yngri viðmælendur eins og Ingu sem er rétt rúmlega þrítug. Ástæðurnar fyrir dvöl hennar á Tenerife í nokkrar vikur voru að þar er „afþreying og það er sól og strönd, en það var hægt að fara að versla, það er ódýrara að versla þarna heldur en til dæmis heima [...], það var auðvelt að, í svona stórum hópi, að komast að samkomulagi um þessa staði.“ Annar viðmælandi segir að orðið „vellíðan“ einkenni Kanarí og leggur í því samhengi áherslu á góðar gönguleiðir og veitingastaði. „Þú bara labbar endalaust og það er alltaf eitthvað, einhverjir veitingastaðir eða barir eða endalaust.“

Þessi orð beina þó einnig sjónum að landslagi fjöldaferðamennsku sem fyrir var rætt um og hvernig það er samheiti fyrir Kanaríeyjar fyrir suma viðmælendur. Valdís sem var vísað í fyrir leggur til dæmis áherslu á að heimurinn á Kanarí



Mynd 4. Veitingastaður á Ensku ströndinni á Gran Canaria. Mynd tekin árið 2022.

sé fjöldaferðamenskustaður eða tilbúinn veruleiki, en annar viðmælandi nefndi að Kanarí væri „tilbúinn ferðamannastað[ur]“ og þá í þeirri merkingu að þar miðaðist allt að þörfum ferðafólks og lítil innsýn í veruleika heimafólks. Orðspor eyjanna er fínt segir Olga en það „lýsir kannski ekkert miklum metnaði að fara í frí þangað, ef þú skilur?“ Í þessum orðum felst gagnrýni á Kanarí sem áfangastað fjöldaferðamennsku, þrátt fyrir að margir teldu einsleitnina einnig jákvæða þar sem hún var talin bjóða upp á einfaldari og áreynslulausari tíma. Taka má sem dæmi Rúnu, konu á miðjum aldri sem fer næstum árlega bæði til Tenerife og Gran Canaria í einn mánuð eða sex vikur í senn.

Það er náttúrulega ekkert spænskt við þessi ferðamannasvæði. Þetta er bara byggt upp algjörlega frá grunni til þess að þjónusta ferðamenn, þannig að arkitektúrinn er allt öðruvísi ef þú ferð út fyrir þessi svæði, náttúran er öðruvísi, maturinn sem er í boði á veitingastöðunum er öðruvísi, verðlagið er öðruvísi það er allt öðruvísi. Þetta er bara eitt-hvað lokað svæði, ef þér væri flogið blindandi til dæmis á ferðamannasvæði á Tenerife þú myndir ekkert vita í hvaða landi þú værir.

Nína bendir þó einnig á, eins og margir aðrir viðmælendur, að önnur ástæðan sé að þessi staður „er innan Evrópu.“ Hún beinir þannig sjónum að því hversu einfalt er fyrir Íslendinga að ferðast þangað, þar sem vegabréfsáritun er ekki nauðsynleg. Annar viðmælandi, Karl, bendir á rétt eins og Nína, að Kanarí sé vel staðsett fyrir fólk í Norður-Evrópu og að þar verði ekki jafn heitt og í Suður-Evrópu. Ástæður þess að Íslendingar geta sótt eyjurnar heim á svo einfaldan hátt tengjast augljóslega víðara heimspólítísku samhengi, það er landamærastefnu Evrópusambandsins, sem og langri sögu heimsvaldastefnu Evrópu. Kanaríeyjar eru hluti af Spáni vegna þess að þær voru hernumdar af Spánverjum á fimmtánda öld og í samtímanum tryggir landamærastefna Evrópu í gegnum Schengen samkomulagið þægilegt aðgengi íbúa þeirra landa sem eru hluti af samkomulaginu að eyjunum, á meðan fólki frá Vestur- og Norður-Afríku er haldið að mestu frá.<sup>53</sup>

### 3. *Að vera Íslendingur á Kanaríeyjum*

Hvernig líta þá Íslendingar á sig í þessu þverþjóðlega umhverfi eyjanna og hvers konar samkennd á sér stað? Eitt af því sem kemur mjög sterkt fram í viðtölunum við bæði ferðafólk, fólk sem dvelur nokkuð lengi á eyjunum og einnig þá sem búa þar, er að almennt eru tengsl við fólk af öðrum þjóðernum sem dveljast á eyjunum og heimamenn mjög lítil og eitthvað sem flestir – þó ekki allir – hafa takmarkaðan áhuga á.

Stærstu hóparnir á eyjunum tveimur eru Bretar á Tenerife, Þjóðverjar á Gran Canaria og fólk frá öðrum Norðurlöndum.<sup>54</sup> Þegar viðmælendur voru spurðir um þessa ferðahópa eða fólk af öðru þjóðerni virtust margir ekkert sérstaklega hafa velt fyrir sér öðrum ferðahópum og almennt hafði flest fólk lítinn eða engan áhuga á öðrum ferðahópum. Guðjón spyr, þegar rætt er við hann um aðra hópa, „er ekki fullt af Bretum, ég man eftir því?“ Hann kannast þó ekkert við að hafa séð aðra Norðurlandabúa. Hann segir: „Sko, ég, nei, þældi svo lítið í því sko, ég held ekki, að ég hafi ekki, ég varð allavegana ekkert sérstaklega var við þá.“

Á bæði Tenerife og Gran Canaria eru ákveðnir staðir sem eru sérstaklega mikið sóttir af Íslendingum og hafa fengið eins konar stöðu sem Íslendingastaðir.

<sup>53</sup> Luna Vives, „Unwanted Sea Migrants across the EU Border. The Canary Islands“, *Political Geography* 61/2017, bls. 181–192.

<sup>54</sup> Sjá tölur yfir fjölda ferðafólks eftir þjóðerni hér: Turismo de Islas Canarias, Tourist arrivals in the Canary Islands by country of residence March 2017, [https://turismodeislascanarias.com/sites/default/files/promotur\\_fronetur\\_marzo\\_2017\\_en\\_0.pdf](https://turismodeislascanarias.com/sites/default/files/promotur_fronetur_marzo_2017_en_0.pdf).



Í mörgum tilfellum eru þeir að öllu leyti eða einhverju leyti í eigu Íslendinga, eins og Klórubar var á Gran Canaria, eða Nostalgía á Tenerife, en einnig eru aðrir staðir í eigu Íslendinga á báðum eyjunum, sem og aðrir staðir sem ekki eru í íslenskri eigu sem einnig eru þekktir sem staðir til að hitta aðra Íslendinga. Taka má sem dæmi Duke og Slow Boat á Gran Canaria og Ann & Annas Cafe í Los Christianos á Tenerife. Hjá raftækjaverslun Harry á Gran Canaria má finna útisvæði sem hefur verið vinsælt hjá mörgum Íslendingum til að slaka á og hitta aðra Íslendinga.



Mynd 5. Verslun Harry á Ensku ströndinni á Gran Canaria. Þar er bæði raftækjaverslun en einnig vinsæll staður til að setjast niður og hitta aðra Íslendinga. Mynd tekin árið 2019.

Ein kona sem fór árlega til Gran Canaria í frí útskýrði, þegar ég spurði hvort hún væri dugleg að fara á staði sem hafa verið mikið heimsóttir af Íslendingum, að hún væri ekkert endilega að koma á eyjuna til að hitta aðra Íslendinga. En svo eftir smá hik bætti hún við að hún rölti „auðvitað“ samt framhjá þessum stöðum, bara svona til að athuga hverjir væru þar og hvort það væru einhverjir sem hún þekkti. Önnur kona, Anna Rós, bjó í nokkur ár á Gran Canaria, auk þess að hafa farið áður til eyjanna sem ferðamaður, benti á að það vilji ekki allir endilega vera alltaf í samskiptum við Íslendinga, en það sé auðvelt að hitta Íslendinga því maður veit alltaf hvar er hægt að finna þá. Þó má undirstrika að vissulega

er alltaf breyting á veitingastaðaflóru eyjanna tveggja þar sem staðir koma og fara. Virkni margs konar samfélagsmiðlasíðna sem snúast um allt mögulegt á eyjunum endurspeglar einnig þessa tilfinningu fyrir samfélagi Íslendinga, þar sem fólk hefur áhuga á að heyra um staði sem öðrum Íslendingum finnst gott að borða á, hótelum sem er mælt með, eða í sumum tilfellum má sjá einstaklinga auglýsa á síðunum eftir einhverjum sem getur tekið fyrir sig einhvern hlut á milli landa, eða eru að auglýsa gefins hluti að fríi loknu. Slík stafræn flæðandi samfélög í kringum ferðir til eyjanna eiga sér stað á íslensku og skapa tilfinningu fyrir samkennd meðal þeirra sem tala íslensku.

Viðtöl við þá sem búa á eyjunum sýna ekki svo ólíka mynd þrátt fyrir að einhverjir hafi átt kunningja sem voru ekki Íslendingar. Þetta voru frekar fáir og í flestum tilfellum var um að ræða venskap við aðra útlendinga. Þegar nánar var spurt virtust viðkomandi í sumum tilfellum hittast meira fyrir tilviljun eða vegna vinnu. Þegar Garðar er spurður hvort hann þekki heimamenn þá svarar hann: „Það er meira svona kunningsskapur“ og bætir við eftir smá þögn: „Svo eru líka Íslendingar sem búa þarna allt árið.“ Konan hans, Eva, bætir við að þau séu „kannski meira í sambandi við það [fólk]“ og vísar þá til Íslendinganna. Það voru vel að merkja til undantekningar, en þær voru ekki margar og í þeim viðtölum upplifði það fólk sig sjálfst sterklega sem undantekningu frá öðrum Íslendingum. Skortur á vinum úr hópi heimamanna getur einnig verið afleiðing af því að langflestir bjuggu á svæðum þar sem fáir heimamenn hafa efni á eða áhuga á að búa.

Margir viðmælendur höfðu bundist mjög sterkum tengslum við þá eyju sem þeir bjuggu á, en þetta átti bæði við um fólk sem bjó á Gran Canaria og Tenerife. Í flestum tilfellum þekkti fólk engu að síður vel báðar eyjurnar. Einn viðmælandi talaði um að það væri ákveðin spenna á milli hópa sem byggju á eyjunum tveimur og útskýrði það fyrir mér sem „fáránlegan hrepparíg.“ Hún bætir við:

Einhver var að spyrja, þá á einhverjum Íslendingasíðum, hvort finnst ykkur betra að búa á Tenerife eða Gran Canaria? [Það] er í raun og veru fáránleg spurning, því að þeir sem búa á Gran Canaria þeir segja Gran Canaria, og þeir sem búa á Tenerife þeir segja hitt.

Notkunin á hugtakinu hrepparígur og samlíkingin að þetta væri eins og heima á Íslandi, þar sem væru tvö þorp hlið við hlið, dregur fram á áhugaverðan hátt hvernig „annað“ fólk – það er alþjóðlegi þverþjóðleikinn sem fólk býr í – verður að ákveðnu marki ósýnilegur. Í þessum samanburði verða það samfélög Íslend-



Mynd 6. Göngustígur við gamla bæjinn í Los Christianos á Tenerife. Mynd tekin árið 2021.

inga á báðum eyjunum sem eru þungarmiðjan í því sem fólk hefur áhuga á. Sterkar skoðanir á þessum tveimur áfangastöðum og afstaða með öðrum þeirra endurpegluðust einnig hjá mörgu ferðafólki. Valgerður, ferðamaður sem hafði ferðast oft til eyjanna, talaði um að fólk sem færi til Kanaríeyja skiptist í tvo hópa. „Sumir vilja bara vera þar [á Gran Canaria] og hinir bara á Tenerife.“

Slíkur hrepparígur er áhugaverður, því velta má fyrir sér hvort hann geri ósýnilega margbreytilega samfélagsstöðu þeirra sem fara til Kanaríeyja. Val á áfangastað innan ákveðinna eyja getur til dæmis mótast af stéttarstöðu eins og fræðifólk hefur til dæmis dregið fram í samhengi við umræðu um hið upprunalega (e. *authentic*) í ferðamennsku, það er þeir sem hafa betri stéttarstöðu aðskilja sig frá hinum með því að velja sér áfangastaði sem eru dýrari.<sup>55</sup> Á Gran Canaria og Tenerife eru svæði og hótél ætluð ferðafólki misdýr og þannig endurspeglast stéttarmunur í því hvar fólk ákveður að búa eða dveljast. Þetta minnir á ábendinguna um að taka fjöldaferðamennsku ekki sem fyrirframgefið fyrirbæri,<sup>56</sup> en líta má á efnahagslega stöðu fólks sem einn þátt í að móta upplifun þeirra.

Mörgum viðmælendum á Gran Canaria fannst oft að eyjunni vegið í almennt umræðu á Íslandi og hún tengd á neikvæðan hátt við jaðarhópa, þá

<sup>55</sup> Per Gustafson, „Tourism and Seasonal Retirement Migration“.

<sup>56</sup> Vilhelmiina Vainikka, „Rethinking Mass Tourism“.

sérstaklega við fólk á örorku, eldra fólk og samkynhneigða karla. Þegar viðmælendur almennt voru beðnir um að nefna hvað þeir tengdu við eyjarnar komu þessi hugtök einmitt oft upp í tengslum við Gran Canaria burtséð frá því hvaða eyju fólk sótti oftast heim. Einn viðmælandi, Guðjón sem var 24 ára, sagði ögn hikandi að það væri talað um að Kanaríeyjar almennt væru „soldið fyrir gamla fólkið sko“ og að Gran Canaria sé „hommaeyja“. Þó það ætti ekki við Guðjón, þá notuðu sumir viðmælendur tilvísanir til þessara hópa á neikvæðan eða niðrandi hátt, eins og þegar einn sagði mér að hann vildi ekki búa á Gran Canaria því þar væru ekkert nema hommar og öryrkjar.

Annar viðmælandi sem býr á Gran Canaria talar um að það sé alltaf látið eins og „það sé bara allt blómstrandi fint á Tenerife, sem það er ekkert frekar en hjá okkur“. Hér var ekkert sérstaklega verið að gagnrýna sjálfar staðalmyndirnar um eyjuna heldur meira verið að gagnrýna hvernig ákveðnar staðalmyndir eru eingöngu notaðar um aðra eyjuna. Notkunin „hjá okkur“ er áhugaverð því hún kallar fram þessa sterku tilfinningu fyrir samfélagi og dregur í raun fram eins konar tvískiptan hóp á Kanaríeyjum, það er Tene-búa og Kanarí-búa (Gran Canaria) sem allir eru þó Íslendingar. Ljósmyndir og textar margvíslegra miðla á Íslandi endurspeglar að Tenerife hefur fengið sterka stöðu sem áfangastaður einstaklinga sem vinna við að auglýsa sig og lífsstíl sinn, sem er mögulega það sem þessi viðmælandi er að vísa til. Eins og Snorri – sem býr sjálfur á Tenerife – orðar það hefur fengið vel að markaðssetja Tenerife sem „hressari“ áfangastað.



Mynd 7. Myndatexti: Verslunarmiðstöðin Yumbo á ensku ströndinni á Gran Canaria. Mynd tekin árið 2019.

Rannsókn mín sneri hvorki að örorku né ellilífeyri, en sumir viðmælendur töluðu um slíkt í viðtölunum og einhverjir reyndust vera fólk sem ferðaðist til eyjanna vegna heilsufarsvandamála eða var einnig á örorkubótum. Margir á Tenerife glímdu einnig við heilsufarsvandamál og því erfitt að alhæfa að önnur eyjan frekar en hin sé vinsælli að því leyti. Enn aðrir viðmælendur fóru sérstaklega til Gran Canaria vegna þess að þar er virkt samfélag samkynhneigðra karla, enda er ein af áherslum Gran Canaria í ferðamennsku að reyna að höfða sérstaklega til LGBTQ+ ferðafólks, en á suðurhluta eyjunnar má finna rými og hótél sem eru sérstaklega markaðssett fyrir þá hópa.<sup>57</sup> Einn viðmælandi minn, Sindri um 35 ára og hefur ferðast oft til Gran Canaria með maka sínum, útskýrir fyrir mér að síð fólk eigi oft erfitt með að skilja aðdráttarafi eyjanna, því fyrir Sindra snýst fríð til Gran Canaria um að taka sér „frí frá *straight* samfélaginu“.

Ég þekki náttúrulega marga sem hafa, *straight* fólk, sem hefur farið til Tenerife, [...] já, og bæði Gran Canaria og Tenerife, [...] Tenerife er miklu vinsælla núna, [...] fólk segir: „Af hverju prófarðu ekki Tenerife? Farðu á Tenerife“ og bara, þú veist, bara ---- nei [hlær við] það er, það er bara ástæða fyrir því af hverju maður fer á Gran Canaria eyjar. Það er bara, það er bara fyrst og fremst *gay*-lífíð sko, annars mundi maður samt alveg eins fara á Tenerife, sko, eða bara eitthvað annað.

Mikilvægur miðpunktur fyrir margt LGBTQ+ fólk á Gran Canaria er verslunarmiðstöðin Yumbo Centre, þar sem finna má verslanir, bari og veitingastaði en einnig ýmsa viðburði sem eru mikilvægir réttindabaráttu LGBTQ+ eins og Gay Pride hátíðin. Yumbo Centre hefur einnig sérstakan stað í hjörtum stærri hóps Íslendinga, en í mörgum viðtölum talaði fólk sem dvaldist á Gran Canaria um gæði staðsetningar út frá hversu nálægt húsnæðið væri frá Yumbo Centre. Þessi áhersla á Yumbo Centre hefur mögulega þróast vegna þess að í sömu verslunarmiðstöð má finna Klörubar sem lengi hefur verið mikilvægur samkomustaður Íslendinga á Gran Canaria.<sup>58</sup>

Þeir viðmælendur sem komu vegna heilsufarsvandamála til Gran Canaria og Tenerife töldu að dvöl þeirra á eyjunum skapaði þeim mun meiri lífsgæði. Einn viðmælandi útskýrði að hún hefði lifað við sífellda verki á Íslandi vegna veikinda sinna og hún hefði flutt út þar sem henni liði mun betur og þyrfti að styðjast mun minna við verkjalyf. Hún útskýrði: „Það var eiginlega lækningin minn sem

<sup>57</sup> Arturo Melián-González, Sergio Moreno-Gil og Jorge E. Araña, „Gay Tourism in a Sun and Beach Destination“, *Tourism Management* 32:5/2011, bls. 1027–1037.

<sup>58</sup> „Þrjár mánuðir orðnir 22 ár“, *Fréttablaðið*, 7. október 2006, bls. 36.

að ráðlagði mér að prófa þetta“. Heilsufarsástæður ollu því að nokkrir viðmælendur áttu mjög erfitt með að dveljast á Íslandi yfir höfuð, þar sem þeir töldu bæði hitastig og loftþrýsting á Kanaríeyjum bjóða upp á mun minni notkun verkjalyfja og betra almennt heilsufar.

Lovísa útskýrði að fyrir suma væru þetta samfléttadar ástæður þar sem kemur til efnahagslegt áfall við að fara á örorkubætur og jákvæð áhrif sem mildara veður hefur á heilsufar. Hún sagði:

Þetta er oft fólk sem bara hefur prófað, fyrst kemur [það] hérna [sic] og er þá kannski þrjár vikur og svo bara finnur það að því bara líður betur hérna [...] og auðvitað – maður gerir sér grein fyrir því að elli-lífeyririnn eða örorkulífeyririnn dugar hér.

Einn viðmælandi á Gran Canaria talar um öryrkja og eldri borgara sem „fastan kjarna“ á eyjunni, það er sem hluti af þeim sem eru í lengri tíma. Hún leggur áherslu á að þeir sem geta komið í styttri tíma séu betur settir efnahagslega, það er þeir hafa frekar „efni á því að búa á Íslandi,“ geti átt húsnæði þar, og komið hluta úr ári eða geta stundað einhverja atvinnu á Íslandi sem léttir töluvert róðurinn.

Rannsóknir á Íslandi hafa sýnt fram á að fjöldi þeirra sem eru á örorkubótum eykst mjög eftir miðjan aldur og stór hluti þessara einstaklinga glímir við stoðkerfisvandamál sem koma vegna mikils vinnuálags eða veikinda. Einnig hefur verið bent á að efnahagslegar aðstæður þessa fólks eru iðulega mjög erfiðar og margir í viðkvæmri stöðu.<sup>59</sup> Aðstæður fólks á Íslandi verða oft til þess að það á erfitt með að viðhalda sínu tengslaneti á Íslandi því það hefur ekki efni á að taka þátt í kostnaði sem tengist því eins og gjöfum.<sup>60</sup> Á Kanaríeyjum aukast slíkir möguleikar mikið þrátt fyrir að það væri ljóst að fyrir marga viðmælendur var fjárhagsleg staða þeirra þó enn viðkvæm og einnig má velta fyrir sér áhrifum flutninga á nýjan stað fyrir fólk sem er heilsufarslega í viðkvæmri stöðu þar sem það hefur minni stuðning fjölskyldu og vana.

Jan-Kåre Breivik<sup>61</sup> bendir á að á Norðurlöndunum sé lítil umræða um vel-

<sup>59</sup> Kristín Björnsdóttir og Rannveig Traustadóttir, „Stuck in the Land of Disability? The Intersection of Learning Difficulties, Class, Gender and Religion“, *Disability & Society* 25:1/2010, bls. 49–62; James G. Rice og Rannveig Traustadóttir, „Fátækt, fötlun og velferð“, *Veftímaritið Stjórnsmál og Stjórnýsla* 7:2/2011, bls. 387–404.

<sup>60</sup> James G. Rice og Rannveig Traustadóttir, „Fátækt, fötlun og velferð“, bls. 18.

<sup>61</sup> Jan-Kåre Breivik, „Health Migration from Norway to Spain – Ambiguous Belonging“, *Ethnic and Racial Studies* 35:9/2012, bls. 1634–1653.



Mynd 8. Gengið í sandöldum í átt að Faro vitanum á suðurhluta Gran Canaria. Vitinn stendur við Maspalomas ströndina. Mynd tekin árið 2019.

ferðarkerfið í samhengi við fólk sem fer til suðurhluta Evrópu vegna samþættra veikinda og fátæktar, en mikil umræða er hins vegar um innflytjendur til Norðurlandanna og velferðarkerfið. Þeir sem flytja í burtu frá Norðurlöndunum hljóti þó að vera innflytjendur einhvers staðar og nýta sér heilsugæslu annars staðar.

#### 4. *Umræður og lokaorð*

Í þessari grein hefur verið fjallað um ferðir Íslendinga til Kanaríeyjanna tveggja, Gran Canaria og Tenerife. Flestir viðmælendur á báðum eyjum höfðu áhuga á því að dveljast á suðurhluta eyjunnar þar sem innviðir miða að því að þjóna ferðafólki, burtséð frá því hvort farið er til lengri eða skemmri dvaldar. Viðmælendur sem bjuggu tímabundið eða til lengri tíma á Kanaríeyjum áttu margir í miklum samskiptum við aðra Íslendinga, þrátt fyrir að mörgum fyndist að þeir *ættu* að vera í meiri samskiptum við aðra hópa eða læra spænsku sem fáir viðmælendur kunnu vel. Ákveðinn hópur einstaklinga sem býr eða ferðast erlendis er þó ekki að leita sér að einhverri sérstakri upplifun, heldur að reyna að fá líf sitt í fastar skorður með því að reyna að ná fyrri heilsu eða bæta heilsu sína. Margir koma aftur og aftur til eyjanna og þannig mótar dvölin og hreyfanleikinn sem hún felur í sér líf þessara einstaklinga og sjálfsmynd þeirra. Tengsl við eyjarnar má sjá greinilega í tilfinningalegu sambandi sem margir viðmælendur

hafa myndað við ákveðna eyju. Einnig má sjá vísbendingar um ákveðið stigveldi áfangastaða þar sem viðmælendur tengdu frekar ákveðna þætti og hópa við Gran Canaria sem höfðu neikvæða tengingu í þeirra huga.

Í viðu samhengi má líta á ferðamennsku til Kanaríeyja sem hluta af fjöldaferðamennsku því hún byggir á ferðum til staðar þar sem stefnumörkun og innviðir snúa fyrst og fremst að því að þjónusta þarfir ferðafólks og lífstílsfarendur, og þar sem umhverfið hefur verið mótað sem „ferðamannastaðir“. Það segir þó lítið sem ekkert um upplifun, þarfir eða markmið þeirra sem fara til Kanaríeyja. Gott veður getur verið tákni um góðar stundir með stórfjölskyldu fyrir suma en lífsnauðsynlegt fyrir aðra, sem og að um er að ræða einstaklinga með ólíkan bakgrunn, svo sem efnahagslega stöðu, aldur og kynhneigð. Í víðara samhengi Kanaríeyja mótar val einstaklinga að búa á suðurhluta eyjanna hvaða hópa er auðvelt að samsama sig við. Í flestum tilfellum eru það aðrir af erlendum uppruna sem koma einnig vegna lífstílsflutninga, ef það eru ekki aðrir Íslendingar. Fólk upprunnið frá Kanaríeyjum er að mestu ósýnilegt í ferðamennsku eyjanna; það býr að mestu fyrir utan ferðamannasvæðin enda húsnæðisverð þar dýrt. Eins og sjá má á reynslu viðmælenda má í raun finna á eyjunum aðskilin samfélög að ákveðnu marki þar sem lítill hvati er að skapa tengsl og hafa samskipti við fólk utan þeirra svæða þar sem ferðafólk eða lífstílsfarendur búa.

Þegar sá hópur sem dvelur á Kanarí í lengri eða styttri tíma á ári er skoðaður út frá kenningum og flokkunum á farendum er ljóst hversu erfitt er að flokka fólk í vel aðgreinda hópa. Hluti af hópnum fellur vel inn í lífstílsfarendum – hugtak venjulega notað til að vísa til einstaklinga sem eru ágætlega settir sem flytja tímabundið eða til lengri tíma á staði þar sem það getur notið betri lífsgæða.<sup>62</sup> Þetta á sérstaklega við fólk sem dvelur í lengri eða skemmri tíma á eyjunum, á húsnæði eða leigir, en sumir í þessum hópi eiga einnig heimili á Íslandi og flakka fram og til baka. Fyrir þá sem eru í erfiðri efnahagslegri stöðu eða glíma við íþyngjandi veikindi á þó hugtakið illa við, sérstaklega þar sem það setur þá einstaklinga í sama flokk og fólk í sterkri efnahagslegri stöðu sem vill njóta aukinna lífgæða með því að dvelja tímabundið á eyjunum nokkra mánuði á ári. Benson og O'Reilly,<sup>63</sup> sem eru þekkt fyrir að þróa þetta hugtak, hafa lagt áherslu á að lífstíll sé sveiganlegt hugtak sem nái utan um ólíka reynslu en þó má setja spurningarmerki við gagnsemi hugtaksins í að ná utan um mjög ólíkar aðstæður einstaklinga á Kanaríeyjum. Ljóst er að sumir viðmælendur höfðu lítinn áhuga á því að dveljast á Kanaríeyjum og gerðu það fyrst og fremst af heilsufarsástæð-

<sup>62</sup> Michaela Benson og Karen O'Reilly, „From Lifestyle Migration to Lifestyle *in* Migration“.

<sup>63</sup> Sama rit.



um, eða vegna samtengdra efnahagslegra ástæðna og heilsufars. Þegar hugtökin þverþjóðleiki og þverþjóðlegir farendur hafa verið notuð er það oftast til að kalla fram einstaklinga og líf á tveimur stöðum. Carling, Erdal og Talleras<sup>64</sup> benda á að einnig séu annmarkar á þeim hugtökum, því líf á tveimur stöðum getur falið í sér mjög margbreytilega þátttöku á báðum stöðum. Þessi ólíku hugtök eru því gagnleg til að ná utan um einhverja þætti þessa hreyfanleika en kalla ekki ein og sér fram þann margbreytileika sem líf á hvorum staðnum fyrir sig getur falið í sér.

Margir tala um hversu ódýrt það sé að vera á Kanarí, bæði þeir sem dveljast til lengri tíma og þeir sem koma í styttri dvöl. Það eru ekki eingöngu þeir sem hafa viðkvæma efnahagslega stöðu heldur einnig annað ferðafólk sem gleðst yfir hversu hagkvæmt það er að fara út að borða og leyfa sér munað sem erfitt er að gera á Íslandi. Hér má minnst á að fólk sem vinnur í ferðaþjónustu og er frá Kanarí talar um mikið atvinnuóöryggi og mjög lág laun. Ferðaþjónustan býður upp á fá vel launuð störf og lítið starfsöryggi, þar sem stór hluti vinnur á tíma- bundnum samningum.<sup>65</sup> Í samhengi við þá sem eru heimamenn á eyjunum má líta á flesta Íslendingana sem lífstílsfarendur, það er fólk sem hefur betri efnahagstöðu og sem hefur kost á að bæta enn frekar stöðu sína. Þetta endurspeglar hvernig hugtök fá merkingu út frá því samhengi sem þau eru notuð í og eru misgagnleg eftir því hversu vítt samhengið eða sjónarhornið er. Frá þröngu evrópsku sjónarhorni er staða ferðalanga ólík þar sem sumir sækja eyjarnar fyrst og fremst heim til þess að upplifa stutt sumarfrí og afþreyingu og snúa svo til baka til síns fyrra lífs, á meðan aðrir dveljast þar til þess að reyna að ná aftur heilsu vegna slysa eða annarra ástæðna. Í því ljósi varpar hugtakið lífstílsfarendur litlu ljósi á það sem er í gangi og ólíka stöðu farenta. Í víðu hnattrænu sjónarhorni má þó líta á alla Íslendinga sem lífstílsfarendur því íslenskt vegabréf gerir þeim kleift að fara og freista gæfunnar á þessum eyjum rétt fyrir utan strönd Vestur-Afríku, burtséð frá því hver tilgangurinn er og óháð því hver efnahagsleg staða þeirra er heima fyrir.

<sup>64</sup> Jørgen Carling, Marta Bivand Erdal og Cathrine Talleraas, „Living in Two Countries“.

<sup>65</sup> Richard N. S. Robinson, Antje Martins, David Solnet og Tom Baum, „Sustaining precarity. Critically examining tourism and employment“, *Journal of Sustainable Tourism* 27:7/2019, bls. 1008–1025; Tom Baum, Catherine Cheung, Haiyan Kong, Anna Kralj, Shelagh Mooney, Hài Nguyễn Thị Thanh, Sridar Ramachandran, Marinela Dropulić Ružić og May Ling Siow, „Sustainability and the Tourism and Hospitality Workforce. A Thematic Analysis“, *Sustainability* 8:8/2016, bls. 809, <https://doi.org/10.3390/su8080809>; Raoul V. Bianchi, „Tourism Restructuring and the Politics of Sustainability. A Critical View From the European Periphery (The Canary Islands)“, *Journal of Sustainable Tourism* 12:6/2004, bls. 495–529, hér bls. 507.

Undirstrika má að lokum mikilvægi þess að skoða ferðamennsku Íslendinga til Kanarí frá ólíkum sjónarhornum, rétt eins og þysjað væri inn á landakort til að fá nákvæmari sýn og og aftur út fyrir breiðara sjónarhorn. Það þarf hvort tveggja að skilja stöðu og tengsl við eyjarnar út frá ólíkum sjálfsmyndum og atbeini einstaklinga, þar sem finna má fjölbreytta vettvanga samsömunar en einnig að þysja út þar sem sjónarhornið er víðara og hreyfanleikinn staðsettur í stærra hnattrænt samhengi.<sup>66</sup>

## ÚTDRÁTTUR

Kanaríeyjar hafa sögulega séð verið áfangastaður fjöldaferðamennsku, sem hefur mótað eyjarnar verulega. Þessi grein spyr af hverju fólk frá Íslandi ferðast til Kanaríeyja og hvernig það lítur á sig í því þverþjóðlega samfélagi sem fyrirfinnst á Kanaríeyjum. Að hvaða leyti skiptir íslenskt þjóðerni máli fyrir þá sem þangað sækja og við hverja sam-samar fólk frá Íslandi sig? Greinin byggir á viðtölum sem tekin voru á Íslandi og á Kanaríeyjum við fólk sem hefur búsetu á Gran Canaria og Tenerife, sem og við fólk sem ferðast til eyjanna frá Íslandi til að dveljast í styttri tíma. Sýnt er fram á að langflestir frá Íslandi hafa áhuga á að dveljast á suðurhluta eyjanna tveggja þar sem innviðir miða fyrst og fremst að því að þjónusta og mæta þörfum fólks frá Norður-Evrópu sem eru lífstílsfar- endur eða ferðafólk. Bent er á að þrátt fyrir að á yfirborðinu sé fólk frá Íslandi að sækja í svipaða hluti – sól og strönd sem og oft nálægð við aðra Íslendinga – eru aðstæður þó ólíkar sem tengist m.a. efnahag, heilsu og ólíkum aðstæðum og sjálfsmynd einstaklinga. Í víðara samhengi dregur greinin athygli að ferðum Íslendinga út frá ferðaþjónustu sem hnattræns fyrirbærir sem mótar á margflókin hátt staði, sjálfsmynd, sögu og líf fólks sem þar býr.

*Lykilorð:* Hreyfanleiki, þverþjóðleiki, fjöldaferðmennska, þjóðerni

<sup>66</sup> Ég vil þakka þeim sem aðstoðuðu við þetta verkefni á ólíkum tímabilum, þar á meðal Guðbjört Guðjónsdóttir, Anna Lís Rúnarsdóttir, Elín Valsdóttir, Jón Ástudóttir, Elísabet Kristjánsdóttir, Miriam Petra Ómarsdóttir Awad og Svafa Kristín Pétursdóttir. Verkefnið var styrkt af Rannsóknarsjóð Íslands (nr. 207062-051) og Rannsóknasjóð Háskóla Íslands, 2018, 2019 (80108, 82930).

## ABSTRACT

### **Fifteen Percent of the Nation: From Iceland to the Canary Islands**

The Canary Islands have historically been seen as major destination of mass tourism, where high numbers of tourists to the islands have shaped them considerably. This article asks why people from Iceland travel to the Canary Islands and how they experience themselves in the islands' transnational environments. How much does Icelandic nationality matter for those who stay in the islands, and with whom do people from Iceland associate with? The article is based on interviews taken in Iceland and in the Canary Islands, with people from Iceland living in Gran Canaria and Tenerife and those travelling to these two islands for a longer or shorter time. The article shows that the majority of those interviewed are interested in staying in the southern part of both islands, where infrastructure is mainly aimed at serving the needs of tourists and lifestyle travellers from Northern Europe. The article stresses that even though people from Iceland appear to be seeking similar aspects – the sun, beaches, and closeness to other Icelandic people – their conditions are different, which has to do with economic positions, health, identity, and other subjectivities. In a larger context, the article draws attention to Icelandic travels as part globalized tourism that shapes places, identities, history, and life of the people living in the Canary Islands.

*Keywords:* Mobility, transnationalism, Mass tourism, Nationalism

KRISTÍN LOFTSDÓTTIR

Prófessor í mannfræði

Félagsfræði,- mannfræði- og þjóðfræðideild

Félagsvísindasviði Háskóla Íslands

Sæmundargötu 10

IS-102 Reykjavík, Ísland

kristinl@hi.is

